

Fundargerð 59. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 24. mars kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Niðurstöður vinnustofu - drög frá KPMG - 2202003SO

Ísleifur og Jónína kynntu fyrir stjórninni vinnu starfsnefndarinnar. Stjórnarmenn voru almennt ánægðir með vinnu starfsnefndarinnar og telja að sú vinna sem hefur átt sér stað muni skila árangri.

Farið var yfir helstu atriðin sem komu fram í drögum KPMG. Umræður voru um ýmis atriði sem leggja beri áherslu á. Ráðgjafar KPMG munu taka saman minnisblað sem notað verður til kynningar.

Lagt var fram drög að kynningarefni sem kynna á fyrir aðildarsveitarfélögunum og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ákveðið var að halda kynningarfund fyrir aðildarsveitarfélögin fimmtudaginn 30 mars kl. 10:30.

Formanni var falið að senda erindi á forsætisráðherra, fjármálaráðherra, innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagráðherra og óska eftir fund.

2. Svarbréf frá ESA vegna skattaávilnunar til raforkufyrirtækja - 2101002SO

Formaður fór yfir stöðuna í ESA málinu. Í svarbréfi frá ESA í febrúar 2023 kom fram að ESA hyggst ekki gera neitt „að svo stöddu“.

Að mati Jóns Jónssonar lögmanni hjá lögmannstofunni Sókn væri mögulega hægt að opna málið hjá ESA síðar meir ef fram kæmu nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á málið.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga harmar þessa ákvörðun ESA og þakkar Jóni Jónssyni og Guðjóni Bragasyni fyrir þeirra hjálp í þessu máli.

3. Fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu - 2202003SO

Lagðar fram til kynningar tvær fundargerðir starfsnefndar um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu, dagsettar 07.03.2023 og 21.03.2023.

4. Önnur mál - 2011004SO

Ákveðið var að halda orkufund 4. maí nk.

Fundi var slitið kl. 09:30

Ása Valdís Árnadóttir

Árni Eiríksson

Jónína Brynjólfsdóttir

Knútur Emil Jónasson

Einar Kristján Jónsson